



Akstursþjónusta Akraneskaupstaðar fyrir fatlað fólk.

Í nýsamþykktum reglum um akstursþjónustu Akraneskaupstaðar fyrir fatlað fólk kemur fram að bæjarfélagið greiðir niður ferðir sem eru utan þjónustutíma akstursþjónustu.

Rétt til akstursþjónustu samkvæmt reglum bæjarfélagsins eiga þeir sem uppfylla það skilyrði að fötlun þeirra umsækjanda falli að skilgreiningu 2. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Einnig skal umsækjandi uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Umsækjandi skal eiga lögheimili á Akranesi.
2. Umsækjandi hafi ekki aðgang að eigin farartæki eða geti ekki vegna aðstæðna nýtt sér það til að komast ferða sinna.
3. Umsækjandi hafi ekki fengið styrk frá Tryggingastofnun ríkisins til bifreiðakaupa né njóti styrks til reksturs bifreiðar.
4. Umsækjandi eigi ekki rétt á niðurgreiddri akstursþjónustu frá öðrum aðilum eða rétt á akstri samkvæmt öðrum lögum, reglugerðum eða reglum.
5. Umsækjandi er ófær um að nota almenningssamgöngur vegna langvarandi fötlunar.

Akstursþjónustan fylgir gjaldskrá almenningssvagna Akraneskaupstaðar og eru ferðir með skipulagðri akstursþjónustu því gjaldfrjálstar.

Ferðir sem falla utan þjónustutíma skipulagðrar akstursþjónustu eru niðurgreiddar.

Velferðar- og mannréttindasvið lætur notendum í té sérstök kort sem veita ákveðna niðurgreiðslu á hverri ferð með leigubifreið, utan þjónustutíma akstursþjónustu. Heimilt er að nota eitt kort í hverri ferð en það sem umfram kann að vera greiða farþegar sjálfir. Velferðar- og mannréttindaráð ákveður gjaldskrá leigubifreiðakorta.

Viðmið um ferðafjölda utan skipulagðrar akstursþjónustu skal taka mið af þörfum hvers og en þó skulu niðurgreiddar ferðir aldrei vera fleiri en 10 ferðir á mánuði.

Reglur þessar gilda fyrir 67 ára og yngri.

Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð á bæjarskrifstofunum að Dalbraut 4 eða í gegnum íbúagátt á www.akranes.is.